

13  
20. júní

## L Ö G

um

breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar er hann hefir dvalist í 4 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

## 2. gr.

Hjer heimilisfastir danskir ríkisborgarar vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 1. gr.

Aðrir utanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili er þeir öðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 1. greinar, annarsstaðar.

## 3. gr.

Þeirri sveitfesti, er menn hafa unnið sjer áður en lög þessi ganga í gildi, halda þeir þangað til þeir þar eftir hafa unnið sjer sveitfesti annarsstaðar samkvæmt lögum þessum. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá þeim degi að telja, er þau öðlast gildi, svo sem segir fyrir um í lögum þessum. Þó skulu þeir menn, er dvalið hafa síðustu 5 árin áður en lögin komu í gildi sveitfestisdvöl í einhverri sveit, vinna sjer þar framfærsluveit, ef þeir halda áfram dvöl sinni þar á eftir í hinni sömu sveit enn 2 ár, og að öðru leyti uppfylla skilyrði laga þessara. Ef mann skortir minna en 2 ár til þess að hafa unnið sjer sveit með 10 ára dvöl þá er lög þessi öðlast gildi, þá þarf hann þó ekki að halda áfram dvöl sinni í sömu sveit nema þann tíma, sem á vantar til þess að 10 árin verði full, enda uppfylli hann að öðru leyti lögmælt skilyrði fyrir sveitfesti.

## 4. gr.

13

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36. og 37. gr. fátækralaganna 20. júní frá 10. nóv. 1905 og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága við þessi lög.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 20. júní 1923.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Kl. Jónsson.*

## L Ö G

14

um

20. júní

## tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Bannaður er tilbúningur, innflutningur og útflutningur á unnu ópíum og verslun með það.

Undir bann þetta falla og ópíumsleifar allar og hvers kyns afgangur, einnig það, sem eftir verður þegar ópíum er reykt.

## 2. gr.

Lyfsölum er heimilt að búa til og vinna úr, flytja inn og út og versla með óunnið ópíum og ópíum til lækninga, morfín, kókaín og heróín, svo og hverskonar efnisblöndun, sem í er meira en  $\frac{1}{5}\%$  af morfín eða meira en  $\frac{1}{10}\%$  af heróín og kókaín. Dómsmálaráðuneytið semur nánari reglur um afhendingu lækna